

Skólaráð – 1. fundur

5. nóvember 2025

Mættir: Friðrik, Jóna, Hugrún, Ester, Matta, Dóra

Ragnhildur H. boðar forföll

Dagskrá

1. Hlutverk Skólaráðs
2. Erindi frá fulltrúum nemenda – *féll niður*
3. Skólanámskrá
4. Starfsáætlun – Skólaráðs, fundaplan
5. Skólapúlsinn, fyrstu niðurstöður skólaársins
6. Skólamálaumræða – haustfundir með foreldrum, Farsældarsáttmálar bekkja, netöryggisfræðsla
7. Önnur mál

Hlutverk skólaráðs og skólamálaumræða

Skólaráð starfar samkvæmt grunnskólalögum. Skólaráð vinnur eftir starfsáætlun sem gerð er fyrir skólaárið. Fyrsti fundur er seinna en vanalega. Höfum fund aftur í janúar 14, og svo aftur 18. mars. Í apríl opin fundur skólaráðs. Stefnt er að því að fá nemendur meira inn til okkar í vetur.

Netöryggisfræðsla 26. Nóvember. Reyna að tengja aðalfund foreldrafélagsins við. Fundur kl. 16:30. Mikilvægt að stoppa öll tæki síma og tölvur til að tryggja líka öryggi kennara.

Rætt um að virkja þurfi foreldrafélagið og efla.

Sagt frá haustfundum með foreldrum og vinnu með farsældarsáttmála eða foreldrasáttmála sem foreldrar voru boðaðir á í október. Allir árgangar að unnu farsældarsáttmála fyrir sinn bekk. Vinnan var vettvangur fyrir foreldra til að tala saman og taka sameiginlegar ákvarðanir. Börnin fara í öll afmæli en nýbúar eru ekki að fara og börn af erlendum uppruna eru síður að sækja íþrótt- og tómstundastarf. Gott á þemadögum að sjá þau í vinnu, gott að sjá þau starfa. Þurfum að auka þátttöku foreldra í námi barna. Þurfum að teygja okkur til foreldra fyrst. Mikilvægt að auka hittinga með foreldrum og börnum, gott að hafa tækifæri.

Litla upplestrarkeppnin hefur verið að koma vel út. Dóra telur frumkvæði þurfa að koma frá skóla, miður að bekkjarkvöld foreldra, nemenda og kennara lögðust af og fór í að þetta var kvöð sem foreldrar þurfa að uppfylla. Foreldrafulltrúar lögðust af. Verður að

vera foreldri með öllum börnum, gera eitthvað ódýrt og kósý. Ekki verra ef kennari tekur þátt. Vilja kennarar gera það?

Skólanámskrá

Rætt um skólanámskrá og starfsáætlun. Búið að endurskoða og skipta upp í tvennt.

Skólapúlsinn

Fyrstu niðurstöður kynntar. Virkni nemenda eru undir meðaltali. Meiri ánægja af lestri, þrautseigja í námi og áhugi á stærðfræði. Ekki nýtt höfum verið að glíma við þetta. Trú á eigin námsgetu er ekki nógu góð. Hvað ætlum við að gera við þessa niðurstöður? Unglingastig með nýtt fyrirkomulag í lestri, verður gaman að sjá hvað gerist næst. Vinna með 2 kjörbækur og vinna verkefni upp úr, einn skyldubók lesinn með kennara. Ekki er lendum um yndislestur að ræða eins og hjá yngri bekkjum, nú þurfa nemendur að lesa bók valda af kennurum.

Líðan og heilsa í Skólapúlssi er meira græn nema tíðni eineltis.

Maturinn góður, mikill hávaði í matsal.

Dóra með kenningu, lestur kvöð sem á að vera ánægja. Kvöðin er að lesa 15 -20 mín á dag engin tilbreyting. Við þurfum að ná að snúa því að lestur sé umbun. Þegar þú ert búin að gera x máttu lesa. Tilbreytingarleysið er ekki gott. Önnur fög stærðfræði og skrift hafa dalað eftir að lestur átti bara vera í forgang. Hægt er að sleppa lestri x1 í viku og taka þá talnavinna eða skrift. Ekki gott að þau alist upp við að lestur sé kvöð. Hægt að skrifa 5 valinn orð. Sögubókin segja frá eigin brjosti. Blýantsgrip orðið slæmt. Verðum að þjálf þetta. Erum að leggja mikinn áherslu á lestur en engan árangur.

Skóla og bekkjabragur. Erum ánægð með þetta. En við þurfum að vera á tánnum hvernig við leggjum inn efni, skilum af okkur. Erum að ná hæfni að vinna svona en nú þurfum við að keyra á þau hvað þau geta. Námslegi þáttur ekki að koma vel út. Aðstæður í bekk og líðan að koma vel út svo þetta séu forsendur fyrir nám.

Önnur mál

Rætt um jólaföndur, kosti og galla, föndurverkefni hvort þau séu ekki nógu metnaðarfull, tekjur og kostnað við jólaföndur og áhuga foreldra, starfsfólks og nemenda á deginum.

Skólaráð – 2. fundur skólaársins 2025-26

21. janúar 2026

Mættir: Viktor, Anton, Dóra, Ester, Hugrún, Matta, Ragnhildur, Jóna og Friðrik

Dagskrá

1. Erindi frá nemendum
2. Kynning á fjárhagsáætlun
3. Opinn fundur skólaráðs
4. Önnur mál

Erindi frá nemendum

Viktor, Anton: Sammála að flipp sé góð hugmynd, gefur þeim betra skipulag og tíma, minna stress. Gott að vita hæfniviðmiðin og við skoðuðum þau alltaf svo þau viti í hvaða námskrá þau eru. Flestir byrja á léttasta og svo erfiðasta og svo hin. Fá frjáls skil. Oft hópaverkefni og einstaklingsverkefni í bland. Höfum ekki mikinn samanburð hvort þetta henti vel eða ekki þekkjum þetta ekki öðruvísi. Viktori finnst ekki sniðugt að taka tungumálin líka inn því þá gæti verið ruglingslegt að skila verkefni á fleiri en einu tungumáli.

Viktor sýnir verkefni ípróttir um víða veröld. Sýnir ípróttafyrirmynd. Sýndi verkefni unnið í forritinu Canva, tók upp símtal og vann veggspjald með upplýsingum um viðmælenda. Sýndi annað verkefni sem var unnið í 8. bekk til að sýna muninn og þróunina frá því í 10. bekk.

Kjörbókaverkefni. Sameiginleg bók lesin saman, aftur kjörbók. Hugga spyr hvort eitthvað hafi breyst. Þeir sögðust ekki endilega lesa meira heima og þar sem þeir eru einnig að æfa ípróttir eru þeir stundum lúnir þegar þeir eru að koma heim á kvöldin. Hins vegar er þetta meiri hvatning til að lesa þegar það þarf að vera kominn á ákveðinn stað í bók til að geta fylgst með og unnið verkefni í skólanum. Það sé einstaklingsmunur á milli nemenda hvort þeir lesa heima og hve vel þeir sinna kjörbókarlestri. Anton og Viktori finnst þægilegra þegar allir eru að lesa það sama og allir fylgjast að. Þá ræða þau líka hvað gerist í endanum.

Kynning á fjárhagsáætlun

Friðrik fór yfir rekstur síðasta árs og að hallinn á rekstrinum skýrist meðal annars af hærri launakostnaði og aukningu í sálfræðipjónustu. Alls nam hallinn á síðasta ári um 32 milljónum. Rætt um að lögð er áhersla á að veita góða þjónustu og m.a. er verið að bjóða upp á viðtöl með túlki jafnvel þó að foreldrar hafi búið lengi í sveitarfélaginu og er

Það gert til að tryggja að upplýsingar komist rétt til skila. Ekki hefur komið til tals líkt og gert er sum staðar að foreldrar greiði fyrir túlkabjónustu eftir einhvern ákveðinn búsetutíma á landinu.

Spurt hvort gert sé ráð fyrir nægum fjármunum til bókakaupa fyrir bókasafn skólans. Skólinn reynir að kaupa allar nýjar barna- og unglíngabækur sem gefnar eru út á hverju ári og tekjur af jólakortum skipta þar miklu máli.

Opinn fundur skólaráðs

Undanfarin ár hefur opinn fundur skólaráðs verið í formi fræðslu fyrir foreldra um breytingar á skólastarfi, kennslu- og starfsháttum. Rætt um að kynningin sem nemendur voru með fyrr á fundinum hafi verið mjög áhugaverð og rétt sé að bjóða upp á slíka kynningu á vegum skólaráðs í apríl. Skólastjóri tekur að sér að undirbúa þann fund.

Næsti fundur skólaráðs verður í mars og þá verður ákveðið hvernig fundurinn verður útfærður, með aðstoð nemenda úr 10. bekk

Önnur mál.

Friðrik kynnti niðurstöður Skólapúls hjá nemendum 2.-5. bekkjar. Þar mælast allir mælipættir jákvæðir og ánægja er í öllum mælipáttum sem eru ánægja með lestur, ánægja með skólann, vellíðan í skólanum og ánægja með skólamatinn.

Friðrik fór yfir nýjungar í tengslum við lesfímipróf og stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði sem lögð verða fyrir nemendur í 4.-10. bekk í mars. Skyllt er að leggja prófin fyrir 4., 6. og 9. bekk en einnig verður boðið upp á próf í 5., 7., 8. og 10. bekk. Rætt um að mikilvægt sé að leggja prófin fyrir alla í byrjun til að fá upplýsingar um námslega stöðu og fylgjast síðan með framvindu náms hjá þeim sem þess þurfa. Niðurstöður prófanna munu veita skólanum og fræðsluyfirvöldum sveitarfélagsins mikilvægar upplýsingar um skólastarfið og námslega stöðu. Í drögum að reglugerð um framvinduprófin er gert ráð fyrir að niðurstöður verði birtar opinberlega og hætta er á mistúlkun á þeim niðurstöðum og farið verði að bera saman skóla og sveitarfélög í stað þess að það sé nýtt til að bæta nám barna.

3. fundur 18.3.2026

Dóra, Ester, Matta, Hugga, Friðrik, Jóna Arnór og Viktor

Dagskrá:

1. Innlegg frá nemendum
2. Skóladagatal 2026-27
3. Farið yfir niðurstöður úr foreldra- og nemendakönnun
4. Önnur mál

1. Innleg frá nemendum. Fundur skólaráðs. Arnór og Viktor ætla að vera með sambærilega kynningu og þeir höfðu á síðasta fundi, mögulega 1-2 sem bætast í hópinn. Opinn fundur skólaráðs verður kl. 16:30, miðvikudagurinn 29. apríl. Tala um flipp og sýna verkefni um flippið. Væri hægt að láta einhvern segja frá lestrinum á unglíngastigi. Yfirheitið væri nýbreytni í skólastarfi. Gætum líka útskýrt með hæfni og að það krefst meira af nemendum. Auglýsa þetta vel, í góðum tíma. Allir setji inn í föstudagspóst eins upplýsingar um þennan fund.

Þeir áttu líka að segja frá 2-3 atriðum gott við skólann og 1-2 sem mætti bæta.

Plúsar: flipp, fjölbreytt og öðruvísi, nýja matardæmið að skammta sér sjálfur, unglíngagangurinn er plús í kladdann. Hafa sófa og ping pong. Ekki símar. Allir með tölvur.

Mínus: viljum meira uppbrot hattadagur, treyjudagur. Þó að taki ekki allir þátt í því þá er eitthvað skemmtilegt á föstudegi.

2. Skóladagatal 2026-2027. Þyrfti að skoða skólaslit og hvort hægt er að slíta skóla fyrir sjómannadagshelgina.
3. Farið yfir niðurstöður úr foreldra og nemendakönnun. Námslega þurfum við að spyrja okkur hvað við getum gert til að bæta okkur. Vantar þrautseigju. Þarf að efla foreldrastarf í bekkjum. T.d. Litla upplestrarkeppni í 4. bekk, reyna að finna leiðir til annarra bekkja.
4. Önnur mál.